

Á fundi markaðs- og menningarnefndar þann 16. janúar 2017 var farið yfir umsóknir eða tilnefningar fyrir Bæjarlistamann Fjallabyggðar árið 2017. Nokkrar tilnefningar bárust. Var það samdóm álit nefndarinnar að nafnbótina Bæjarlistamaður Fjallabyggðar fyrir árið 2017 kæmi í hlut Arnfinnu Björnsdóttur.

Arnfinna Björnsdóttir hefur fengist við listir og handverk í 55 ár á Siglufirði. Draumur hennar á yngri árum var að fara í listnám en örlögin leiddu hana í Verslunarskólann og í framhaldi af því í skrifstofuvinnu fyrir bæjarfélagið og gegndi hún því starfi í 35 ár.

Í gegnum tíðina hefur Arnfinna sótt ýmis námskeið á sviði lista undir leiðsögn Örlygs Kristfinnssonar og Aðalheiðar S. Eysteinsdóttur. Frá því hún hætti störfum hjá Siglufjarðarbæ, eða síðastliðin 15 ár, hefur hún einbeitt sér að listinni. Hún heldur vinnustofu í Aðalgötunni þar sem hún vinnur daglega að verkum sínum og hefur opið almenningi.

Klippimyndir Arnfinnu af stemningu síldaráranna eru vel þekktar og sýna mikla næmni fyrir viðfangsefninu jafnt og meðferð lita og forma. Hún hefur sett upp einkasýningar á verkum sínum á Akureyri og Siglufirði og tekið þátt í samsýningum á Akureyri, Siglufirði og Hjalteyri. Verk hennar vekja ávallt mikla athygli og hafa þekktir listamenn og safnarar keypt verkin hennar.

Í hugum margra Siglufirðinga er Arnfinna listamaður sem hefur haldið uppi merkjum sköpunargleðinnar í áratugi.